



Reykjavík, 14. nóvember 2024

MSS22090144

UMSÖGN VIÐ TILLÖGU

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Á fundi borgarráðs, dags. 20 september 2022, var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir að grípa til aðgerða í því skyni að stemma stigu við hættulegum hraðakstri bifhjóla á göngu- og hjólreiðastígum borgarinnar, sem og á gangstéttum. Aðgerða er þörf þar sem mikil brögð eru að því að léttum bifhjólum, bæði raf- og bensíndrífnum, sé ekið eftir göngu- og hjólastígum, langt yfir þeim lögbundna 25 kílómetra hámarkshraða sem er í gildi á slíkum stígum. Aðgerðirnar verði þrenns konar: 1. Betri merkingar. Skýrar merkingar um hámarkshraða létttra bifhjóla, 25 km/klst. verði settar upp við göngu- og hjólreiðastíga. 2. Aukin fræðsla. Ráðist verði í fræðsluáttak í skólum borgarinnar til að kynna gildandi reglur um akstur létttra bifhjóla í þéttbýli. Þar komi fram reglur um hámarkshraða á göngu- og hjólastígum, hjálmaskyldu, hvar megi hjóla o.s.frv. Óskað verði eftir samstarfi við Samgöngustofu að þessu leyti. 3. Löggæsla. Óskað verði eftir því að lögreglan herði umferðareftirlit á göngu- og hjólreiðastígum borgarinnar og komi í veg fyrir að vélknúnum hjólum sé ekið þar yfir löglegum hámarkshraða.

Tillögunni var vísað til meðferðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 20. september 2022.

Tillögunni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgangna og borgarhönnunar 2. október 2024

Umsögn:

Tekið er undir að óæskilegt sé að vélknúin ökutæki sem komist hraðar en 25 km/klst séu á stígum borgarinnar enda er það óheimilt skv. umferðarlögum og eru stígarnir ekki hannaðir fyrir slík tæki. Akstur slíkra ökutækja á stígnum veldur því augljósri hættu fyrir aðra vegfarendur á stígum sem og ökumenn tækjanna sjálfra.



Reykjavík



Í sumar var gerð breyting á umferðarlögum¹ til að skerpa því hvaða reglur gilda um smáfarartæki. Smáfarartæki er nú sér flokkur ökutækja sem hönnuð eru til aksturs á hraða frá 6 km/klst. upp í 25 km/klst. Um þau gilda að mestu leiti sömu reglur og fyrir reiðhjól. Létt bifhjól greinast í létt bifhjól í flokki I sem er ekki hannað til hraðari aksturs en 25 km/klst. og létt bifhjól í flokki II sem hannað er til aksturs á allt að 45 km/klst. Hvorki smáfarartæki eða létt bifhjól í flokki I eru skráningarskyld.

Á göngustígum, gangstéttum og göngugötum er heimildin til að hjóla og ferðast á smáfarartæki og léttum bifhjólum í flokki I byggð á undanþágu (43. gr umferðarlaga, fyrir reiðhjól og smáfarartæki, 46. gr. umferðarlaga fyrir léttbifhjól í flokki I), þ.e. einungis er heimilt að hjóla eða aka smáfarartæki eða léttu bifhjóli í flokki I, enda valdi það ekki hættu eða óþægindum. Veghaldara er þó heimilt að banna akstur þeirra sérstaklega. Slík takmörkun væri þá gerð á grundvelli 84. gr. umferðarlaga (sérákvæði um notkun vega, hraðamörk o.fl.). Fordæmi eru fyrir því að banna umferð létttra bifhjóla á ákveðnum stöðum en þá er mikilvægt að aðrar greiðari og meira viðeigandi leiðir séu færar.

Á reglulegum samráðsfundi skrifstofu samgangna og borgarhönnunar og lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur öðru hvoru verið rætt um leiðir til að takast á við akstur ökutækja sem ekki hafa heimild til að ferðast eftir stígum sem og glæfralegan akstur ökutækja sem hafa heimild til að ferðast eftir stígum, m.a. smáfarartækja og létttra bifhjóla í flokki I. Að sögn lögreglu er erfitt að að sinna eftirliti með stígum. Bæði vegna þess að slíkt eftirlit kann að valda meiri hættu en hættan sem hlýst af akstri þessara ökutækja, sérstaklega þar sem stærstur hluti ökutækjanna er án skráningarmerkja og því ekki hægt að hafa upp á öikumönnum eða eigendum ökutækjanna nema að ná að stöðva þá. Það er í höndum lögreglunnar að meta þörf og möguleika á eftirliti og forgangsráða verkefnum sínum.

Af hálfu skrifstofunnar er ekki talið að aðgerðir í formi hraðahindrana, hliða eða þess háttar séu líklegar til að bæta öryggi á stígum. Þó slíkar aðgerðir séu til þess fallnar að draga úr hraðakstri stígum, eru þær einnig til þess fallnar að auka líkur á að vegfarandi fipist og falli eða aki á, ekki bara öikumenn bifhjólanna heldur einnig hjólandi vegfarendur og notendur hlaupahjóla. Slík einslys geta verið nokkuð alvarleg. Æskilegra sé að höfða fremur til foreldrafélaga eða auka umferðarfræðslu í grunnskólum sem er á höndum Samgöngustofu. Ekki hefur verið áætlað að setja upp skilti sem sýna hámarkshraða á stígum þar sem umferðarlög kveða ekki á um ákveðinn hámarkshraða á stígum heldur gilda almennar reglur sem m.a. koma fram í 4. gr., 43. gr og 46. g. laganna.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri

¹ Lög um breytingu á umferðarlögum, nr. 77/2019 (smáfarartæki o.fl.), Lög nr. 92 4. júlí 2024.
<https://www.althingi.is/altxt/stjt/2024.092.html>